

Jólatré úr lengjum




Hæð um 76 cm

Efni: Græn karton, karton í ýmsum litum og tímarit, bandspotti um 1 m á lengd og lím.

Áhöld: Skæri og gatari.

Aðferð: Lengd renninga var hér um það bil 40 cm, 30 cm, 25 cm, 20 cm, 15 cm og 12 cm. Hver renningur um sig er beygður og endar hans límdir saman á um 3 cm svæði svo að úr verði lykkja flöt í endann. Með gatara er svo gert eitt gat á þennan flata enda og hver lykkjan á fætur annarri þrædd upp á band. Best er að binda neðst – í byrjun – samanbrotinn lítinn renningsbút til að mynda endahnút og síðan er ráð að þræða slíkan bút við og við á bandið á milli grænu lykkjana til þess að þær verði ekki allt of þéttar og tréð þá þungt og efnisfrekt. Fjöldi renninga í jólatrénu hér var ekki talinn, heldur smekkur og form látið ráða.



Lengjur beygðar og límdar saman í endann og gatað þar. Úr ferningum eru klipptar stjörnur og ýmislegt fleira til skrauts á tréð.

Grænu litunum er raðað óreglulega í tréð. Lengstu lykkjurnar eru hafðar neðst í trénu og síðan styttest lykkjurnar eftir því sem ofar dregur.

Efst á bandið er svo límd gul stjarna, teiknuð og sniðin frjálst eða notast við skapalón sem er á borðum. Efni í stjörnur á tréð var hér skorið í litla búta sem börnin fengu til að teikna á og klippa út. Þær eru svo límdar á lykkjurnar – og hér eru einnig nokkrir fuglar, tré og blóm – allt eftir hugmyndum og löngun barnanna sem voru að verki.

Gangi ykkur vel ☺